

8. gr.

111

Ágreining, sem rísa kann út af reglugerð þessari, úrskurðar atvinnu- 22. nóv.
málaráðherra. Þetta skerðir þó ekki rétt einstaklinga til að leita úrskurðar
dómstólanna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

112

2. des.

um

stjórn málefna Vestmannaeyjakaupstaðar.

I. KAFLI.

Um stjórn og framkvæmdir á málefnum kaupstaðarins.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 9 fulltrúum, auk bæjarstjóra, og 9 varafulltrúum, er taka sæti aðalfulltrúanna eftir reglum, er atvinnumála-
ráðuneytið setur.

Forseta og varaforseta kýs bæjarstjórn sér úr flokki bæjarfulltrúanna.

2. gr.

Sérstökum málefnum kaupstaðarins stjórna og hafa með höndum fast-
ar nefndir, er bæjarstjórn kýs. Þessar nefndir eru:

- | | |
|--------------------|----------------------|
| 1. Fjárhagsnefnd. | 6. Vatnsnefnd. |
| 2. Fátækranefnd. | 7. Veganefnd. |
| 3. Byggingarnefnd. | 8. Skólanefnd. |
| 4. Hafnarnefnd. | 9. Heilbrigðisnefnd. |
| 5. Rafmagnsnefnd. | 10. Brunamálnefnd. |

112
2. des.

11. Fjallskilanevnd.
12. Allsherjarnefnd.

13. Niðurjöfnunarnefnd.
14. Sjúkrahúsnefnd.

Auk þess kýs bæjarstjórn 1 mann í undirskattanefnd og 1 til vara, og 1 mann til þess að semja verðlagsskrá, og skipar 3 menn í stjórn bókasafns Vestmannaeyjakaupstaðar, 3 menn í stjórn styrktarsjóðs handa ekkjum og börnum Vestmanneyinga, þeirra, er drukkna eða hrapa til bana og 1 til vara og tvo sjómenn til aðstoðar við úthlutun úr sjóðnum, og 2 menn í stjórn styrktarsjóðs handa aldurnignum og heilsubiluðum sjómönnum í Vestmannaeyjum.

Fastanefndir skulu kosnar árlega á fyrsta fundi bæjarstjórnar eftir áramót. Kosning skólanefndar gildir þó um 3 ár.

Ennfremur kýs bæjarstjórn bæjarstjóra. Skal hann kosinn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og bæjarfulltrúa. Endurkjósa má bæjarstjóra, og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af atvinnuáráðuneytinu, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé. Kosning bæjarstjóra skal vera leynileg.

Verði sæti nefndarmanns autt eða fái hann þau forföll, að hann geti eigi gegnt starfi sínu, tekur varafulltrúi sæti hans, og gilda um það sömu reglur og um setu vara-fulltrúa í bæjarstjórn í stað bæjarfulltrúa.

Bæjarstjórn getur, með þeim undantekningum, sem leiða af ákvæðum í lögum og reglugerðum, um starf fastra nefnda, tekið sérhvert mál til meðferðar og úrskurðar, þótt falið hafi verið fastri nefnd, og er það þá gengið undan þeirri nefnd.

Bæjarstjórn getur og skipað sérstakar nefndir í einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einhverjum fulltrúa framkvæmd þeirra. Allar nefndir skulu kjósa sér formann á fyrsta fundi sínum. Fastanefndir allar skulu halda gerðabók og skrá þar fundargerðir.

3. gr.

Fjárhagsnefnd er skipuð 3 bæjarfulltrúum. Hún hefir umsjá með fjárhag kaupstaðarins, býr undir áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir kaupstaðarins, hefir eftirlit með því að bæjargjaldkeri riti rétt og reglulega bækur sínar, heimti tekjur kaupstaðarins á réttum tíma, setji handbært fé hans á vöxtu og yfirleitt að hann hegði sér eftir erindisbréfi sínu.

Nefndin skipar fyrir um hversu bækur gjaldkera eða annara, er kunna að hafa umráð yfir fé kaupstaðarins, skuli lagaðar, nema öðru vísi sé fyrir mælt. Hún leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli, litur eftir fjárþingdum þeim, er þeir hafa undir höndum og gætir þess, að reglum þeim sé hlýtt, sem um fjárhagsmálefni eru settar.

4. gr.

112
2. des.

Fátækranevnd skipa 4 bæjarfulltrúar. Nefndin hefir á hendi stjórn allra fátækramálefna, sér um með öllum þurfamönnum, semur um meðlög ómaga, ráðstafar fé til þurfamanna og öðrum útgjöldum til fátækra, og annast greftrun þeirra og lögflutning. Til aðstoðar nefndinni kýs bæjarstjórn fátækrafulltrúa, sem launaður er af bæjarsjóði, og ber honum að aðstoða nefndina í öllum greinum, hafa sérstaka umsjón með þurfamönnum, nákvæmar gætur á högum þeirra, ástæðum og háttalagi og stuðla að því, að þeir noti efni sín með forsjá og sparnaði, leiti sér atvinnu og allra bjargráða eftir megni. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði ekki tekin til greina, nema fátækrafulltrúi styðji hana og má ávísar honum styrkinn til ráðstöfunar, ef ástæða þykir til. Fátækrafulltrúi skal koma á fundi fátækranevndar, þegar þessi er óskað, en ekki hefir hann atkvæðisrétt, nema því að eins, að hann sé nefndarmaður.

5. gr.

Byggingarnevnd er skipuð 5 mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir utan bæjarstjórnar. Nefndin annast byggingarmálefni kaupstaðarins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í byggingarlögum og byggingarsamþykkt kaupstaðarins.

6. gr.

Hafnarnevnd skipa 5 menn, 3 úr flokki bæjarstjórnar, og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Skulu þeir kosnir hvor í sínu lagi.

Nefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og hefir eftirlit með höfninni samkvæmt lögum og hafnarreglugerð kaupstaðarins.

Hún hefir eftirlit með því, að tekjur hafnarsjóðs sé innheimtar, gerir áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs og semur árlega efnahagsreikning hans.

Bæjarstjóri hefir á hendi reikningshald og innheimtu fyrir hafnarsjóð eftir reglum, er bæjarstjórn setur honum.

7. gr.

Rafmagnsnevnd skipa 3 menn, 2 bæjarfulltrúar og 1 utan bæjarstjórnar. Hún sér um rafstöð kaupstaðarins samkvæmt lögum og reglugerðum um það efni. Rafstöðvarstjóri er ráðunautur nefndarinnar um öll störf hennar, og mætir á öllum fundum nefndarinnar, en hefir þar ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal árlega semja áætlun um tekjur og gjöld rafstöðvar og gera efnahagsreikning hennar.

Bæjargjaldkeri skal vera gjaldkeri rafstöðvar.

112

2. des.

8. gr.

Vatnsnefnd er skipuð 3 bæjarfulltrúum. Nefndin hefir á hendi alla umsjón með vatnsbólum, og undirbýr vatnsveitu kaupstaðarins, og sér um starfrækslu hennar, er hún hefir verið byggð.

9. gr.

Veganefnd er skipuð 5 bæjarfulltrúum. Nefndin hefir á hendi alla umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum vega og hirðingu, holræsum og rennum, allt eftir fyrirlagi bæjarstjórnar.

10. gr.

Í skólanefnd kys bæjarstjórn 4 menn til 3 ára. Nefndin annast öll fræðslumál kaupstaðarins samkvæmt lögum um fræðslu barna og reglugerðum um skólamál, er kennslumálastjórnin setur. Hún hefir eftirlit með kennslunni í barnaskóla kaupstaðarins, og öllu því, er barnaskólann varðar. Hún hefir umsjón með barnaskólabyggingu kaupstaðarins, ásamt skólastjóra.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um að heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins sé hlýtt. Bæjarfógeti er formaður hennar og í henni eiga auk þess sæti héraðslæknir og einn bæjarfulltrúi, kosinn til sama tíma og fastar nefndir bæjarstjórnar. Heilbrigðisfulltrúi aðstoðar nefndina við framkvæmd ákvæða heilbrigðissamþykktarinnar, og hefir daglegt eftirlit með hreinlætis- og heilbrigðismálefnum kaupstaðarins.

Hann situr fundi heilbrigðisnefndar, en hefir þó aðeins tillögurétt í þeim málum, er nefndina varða.

12. gr.

Brunamálanefnd skipa 4 bæjarfulltrúar. Hún skal sjá um framkvæmd á reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið kaupstaðarins, og fullnægja öllum þeim skyldum, sem henni eru lagðar á herðar.

Slökkviliðsstjóri situr fundi nefndarinnar, og hefir ásamt nefndinni alla umsjón með verkfærum og dælum til brunavarna, er kaupstaðurinn á.

13. gr.

Fjallskilaneftnd skipa 3 menn, einn bæjarfulltrúi og 2 utan bæjarstjórnar. Hún hefir umsjón með fjallskilum kaupstaðarins og öðru, er að því lýtur samkvæmt fjallskilareglugerðinni.

Hún hefir með höndum nautahald kaupstaðarins samkvæmt reglugerð um það efni og fyrirlagi bæjarstjórnar.

14. gr.

112

Niðurjöfnunarnefnd skipa 4 menn, auk formanns undirskattanefndar, kosnir af bæjarstjórn, hlutbundinni kosningu í nóvembermánuði ár hvert. 2. des.

Niðurjöfnun skal eigi lokið síðar enn í lok marzmánaðar ár hvert. Nefndinni ber að fylgja í öllu lögum og reglugerðum, er að þessu efni lúta.

15. gr.

Allsherjarnefnd skipa 3 bæjarfulltrúar. Hún hefir með höndum öll þau mál, er ekki heyra sérstaklega undir aðrar fastanefndir bæjarstjórnar.

16. gr.

Sjúkrahússnefnd skipa 5 menn, auk sjúkrahússlæknis, sem er ráðunautur hennar. Bæjarstjórn kýs sjúkrahússnefnd um leið og aðrar fastanefndir bæjarstjórnar. Hún hefir eftirlit með rekstri sjúkrahúss kaupstaðarins, og sér um framkvæmd reglugerðar sjúkrahússins og laga, er það varða. Ráðsmaður sjúkrahússins skal mæta á fundum nefndarinnar, ef þess er óskað, en ekki hefir hann þó atkvæðisrétt á fundum nefndarinnar, fremur en sjúkrahússlæknir.

17. gr.

Allar fastanefndir bæjarstjórnar og nefndir, er hún setur í einstök mál, skulu leggja gerðir sínar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

18. gr.

Alla reikninga til bæjarsjóðs og rafstöðvar skal senda bæjarstjóra. Rannsakar hann þá, sér um að þeir sé nægilega vottaðir, að þeir séu réttir, hafi áætlunarheimild eða samþykkt bæjarstjórnar við að styðjast, og ávísar þá síðan til greiðslu.

Í sjóðbók skal rita allt það, sem ávísað er, og skulu þar vera greindir allir aðalliðir fjárhagsáætlunar kaupstaðarins, hver sér. Á ávísanir skal ávallt rita, til hvers liðar fjárhagsáætlunar gjaldið skuli telja.

Ekkert fé, nema laun fastra starfsmanna, má greiða úr bæjarsjóði, nema eftir löglegri ávísun.

19. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir lok maí-mánaðar, og því næst liggja frammi almenningi til sýnis 14 daga. Að þeim tíma loknum skulu reikningarnir sendir hinum kosnu endurskoðendum kaupstaðarins og skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni innan mánaðar. Athugasemdum endurskoðendanna skulu gjaldkeri bæjarsjóðs og reikningshaldari hafnarsjóðs hafa svarað innan hálf mánaðar.

20. gr.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar 2 endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs og 2 til vara. Jafnframt kýs hún 2 endurskoð-

- 112** endur reikninga hafnarsjóðs og 2 til vara. Kosning endurskoðenda gildir um
2. des. eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðendanna og setur þeim erindis-
bréf.

Hafi endurskoðendur ekki byrjað endurskoðun reikninganna innan lög-
ákveðins tíma, skal bæjarstjórn endurkrefja reikningana og senda þá vara-
endurskoðendunum til endurskoðunar.

Endurskoðendurnir mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

21. gr.

Áður enn frumvarp að fjárhagsáætlun kaupstaðarins er samið, skulu
þær fastanefndir bæjarstjórnar, sem með fjármál fara, senda fjárhagsnefnd
tillögur um hve miklu fé skuli verja á næsta ári til mála þeirra, er þær hafa
með höndum, og hvernig því fé skuli varið.

22. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málefnum þeim og ráðstöfunum
bæjarstjórnar, sem eigi eru falin öðrum á hendur. Honum ber að annast allar
bréfaskriftir bæjarstjórnar og nefnda hennar.

23. gr.

Bæjarstjóri á sæti í öllum fastanefndum bæjarstjórnar og kallar þær
saman til funda, þegar verkefni liggur fyrir. Hann hefir ekki atkvæðisrétt í
nefndum, nema því aðeins að hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefir óbund-
ið málfrelsi og tillögurétt í nefndum, og kjósa má hann formann nefnda.

II. KAFLI.

Um starfsmenn kaupstaðarins.

24. gr.

Starfsmenn kaupstaðarins eru:

1. Bæjargjaldkeri.
2. Byggingarfulltrúi.
3. Heilbrigðisfulltrúi.
4. Slökkviliðsstjóri.
5. Vara-slökkviliðsstjóri.
6. Fátækrafulltrúi.
7. Sorp- og salernahreinsunarmenn.
8. Dagvörður.
9. Næturvörður.
10. Auka-næturvörður.

11. Sótari.
12. Rafstöðvarstjóri.
13. Rafstöðvarvélamaður.
14. Aðstoðarvélamaður á rafstöð.
15. Innheimtumaður rafstöðvar.
16. Hafnarvörður.
17. Hafnsögumaður.

112
2. des.

Bæjargjaldkeri annast innheimtu allra gjalda til bæjarsjóðs og rafstöðvar, og allar greiðslur úr þeim sjóðum. Hann semur reikninga bæjarsjóðs og rafstöðvar eftir þeim reglum, er honum hafa verið settar eða verða settar um það efni.

Byggingarfulltrúi skal hafa með höndum eftirlit með byggingum húsa, og yfirleitt gæta þess að öllum fyrirmælum byggingarsamþykktar sé hlýtt. Bæjarstjórn setur honum erindisbréf, er nánar ákveður starfssvið hans, og ákveður laun hans.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa með höndum eftirlit með hreinlæti í kaupstaðnum og yfirleitt sjá um, að ákvæðum heilbrigðissamþykktar sé ekki traðkað.

Slökkviliðsstjóri hefir á hendi stjórn slökkviliðs kaupstaðarins, og sér um öll verkfæri og dætur til brunavarna, sem eru í eign kaupstaðarins, og heldur skrá yfir þau öll, og sér um að þau sé ætíð til taks, ef bruna ber að höndum. Einnig hefir hann á hendi allar framkvæmdir er að eldvörnum lúta. Hann skal í öllu fylgja lögum og reglum um brunamál, er kaupstaðinn varða.

Vara-slökkviliðsstjóri gegnir störfum slökkviliðsstjóra í forföllum hans.

Fátækrafulltrúi hefir með höndum fátækramál kaupstaðarins eftir fyrir- lagi fátækranefndar, og hefir umsjón með sveitarómögum og þurfamönnum eftir reglum, er bæjarstjórn setur honum.

Sorp- og salernahreinsunarmenn annast hreinsun á sorpkössum og salernum kaupstaðarins, eftir reglum, er bæjarstjórn setur þeim.

Dag- og næturlögreglan skal gæta þess að ekki sé brotin fyrirmæli lög- reglusamþykktar kaupstaðarins, og halda uppi reglu á götum kaupstaðarins, allt samkvæmt erindisbréfi, er bæjarstjórn setur þeim.

Sótari annast hreinsun reykháfa í kaupstaðnum, og hefir eftirlit með eldfærum í kaupstaðnum, og sér um að fylgt sé ákvæðum brunamálareglu- gerðar, er það efni varða.

Rafstöðvarstjóri hefir umsjón með rafstöð og raftaugakerfi kaupstað- arins. Til aðstoðar honum við gæzlu véla rafstöðvar, eru rafstöðvarvélamaður og aðstoðarmaður. Þeir gæta og þess að ávallt sé raftaugarkerfi kaupstað- arins í lagi, og gera við allar bilanir á því.

Innheimtumaður rafstöðvar skal annast aflestur rafmagnsmæla og inn- heimta tekjur rafstöðvar undir umsjón bæjargjaldkera. Hann skal hlíta fyrir- mælum reglugerða, er varða rafstöð og rafmagnsnotkun í kaupstaðnum.

Hafnarvörður sér um að ákvæðum hafnarreglugerðar sé hlýtt, og undir

112 hans umsjón skulu vera legufestar hafnarsjóðs, bryggjur og önnur mannvirki
2. des. hafnarinnar.

Hafnsögumaður leiðbeinir skipum í og úr höfn.

Bæjarstjórn getur bætt við starfi eða fellt niður starf, án þess að samþykkt þessari þurfi að breyta.

Öllum starfsmönnum kaupstaðarins ber að haga sér eftir reglum þeim, er settar eru í samþykktum kaupstaðarins eða reglugerðum og erindisbréfum þeirra.

Bæjarstjórn ákveður laun starfsmanna kaupstaðarins.

Að hve miklu leyti starfsmenn kaupstaðarins fá eftirlaun, er þeir af-sala sér starfi því, er þeim hefir verið falið, er komið undir ákvörðun bæjarstjórnar í hvert skipti, þar til settar hafa verið fastar reglur um eftirlaunarétt starfsmanna kaupstaðarins og eftirlaunasjóði komið upp.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmál-efna Vestmannaeyjakaupstaðar, frá 1. maí 1919.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir gert samkvæmt lögum nr. 26, 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929, er hérmeð staðfest.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. desember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

113 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Ekknasjóð Suðureyrarhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. desember 1930. Skipulagsskráin er þannig:
5. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Ekknasjóð Suðureyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Ekknasjóður Suðureyrarhrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 500,00 — fimm hundruð króna — framlagi frá Suðureyrarhreppi.